

ÁKVÖRDUN nr. 197**frá 23. mars 2004****um aðlögunartímabil við innleiðingu evrópska sjúkratryggingakortsins í samræmi við 5. gr. ákvörðunar nr. 191****(Texti sem varðar EES og samning ESB og Sviss)**

(2004/777/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARAND-LAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatrygginga-reglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾ en samkvæmt honum ber framkvæmdaráðið ábyrgð á að fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 191 frá 18. júní 2003 um að evrópska sjúkratryggingakortið komi í stað eyðublaða E 111 og E 111B ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 1. gr. ákvörðunar nr. 191 mun evrópska sjúkratryggingakortið koma í stað eyðublaða E 111 og E 111B frá 1. júní 2004. E 111 og E 111B eyðublöðin, sem gefin eru út af þar til bærnum stofnunum aðildarríkjanna fyrir 31. maí 2004, gilda þar til 31. desember 2004.

1) Samkvæmt 5. gr. ákvörðunar nr. 191 má veita aðildarríkjum, sem ekki hafa sjúkratryggingakort þegar ákvörðunin er samþykkt, aðlögunartímabil, sem má þó ekki standa lengur en til 31. desember 2005.

2) Aðildarríkin sem uppfylla þessi skilyrði verða að upplýsa framkvæmdaráðið fyrir 1. desember 2003 um áform sín um að fara fram á slíkt tímabil og tilgreina gildistíma þess. Eftir 1. júní 2004 munu því þar til bærar stofnanir aðildarríkja, sem veitt hefur verið aðlögunartímabil, halda áfram að gefa út eyðublöð E 111 sem munu falla úr gildi við lok aðlögunartímabilsins. Nýju aðildarríkin, sem uppfylla fyrrnefnd skilyrði, verða að upplýsa framkvæmdaráðið um að þau óski eftir aðlögunartímabili og tilgreina gildistíma þess fyrir 31. maí 2004.

3) Til að tryggja skýrar og gagnsæjar upplýsingar fyrir stofnanir og borgara og tryggja viðurkenningu á eyðublaði E 111, sem verður gefið út eftir 1. júní 2004 í ákveðnum aðildarríkjum, skal setja fram skrá yfir þau aðildarríki sem fengið hafa slíkt aðlögunartímabil. Þó getur þessi skrá aðeins verið til viðmiðunar hvað varðar nýju aðildarríkin og EFTA-löndin ef ákvörðun nr. 191 gildir ekki þar.

4) Frá 1. júní 2004 geta þar til bærar stofnanir í aðildarríkjum án aðlögunartíma ekki lengur gefið út eyðublað E 111 eða E 111B. Af þeim sökum þurfa tiltekna stofnanir í hlutaðeigandi aðildarríkjum að gefa út bráðabirgðakort til handa tryggðum einstaklingum ef evrópska sjúkratryggingakortið er tekið upp í áföngum og þeim er ekki unnt að taka upp evrópska kortið. Þó skulu allar þar til bærar stofnanir vera færar um að gefa út kort eigi síðar en janúar 2006.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 631/2005 (Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 1).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 276, 27.10.2003, bls. 19.

- 5) Meðan á aðlögunartímabilinu stendur munu þar til bærar stofnanir viðkomandi aðildarríkja halda áfram að gefa út eyðublað E 111 til handa tryggðum einstaklingum á grundvelli fyrirmynda, sem sett er fram í ákvörðun nr. 198 frá 23. mars 2004 um að skipta út og hætta notkun fyrirmynda að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins nr. (EBE) 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 ⁽¹⁾.
- 6) Þó geta aðildarríki, sem fengið hafa aðlögunartímabil, valið að stytta þetta tímabil. Þau skulu tilkynna framkvæmdaráðinu um ákvörðun sína eigi síðar en þremur mánuðum fyrir innleiðingu fyrsta evrópska kortsins. Í kjölfar þessarar tilkynningar getur hlutaðeigandi aðildarríki ekki gefið út eyðublað E 111 eftir þann dag sem tilgreindur er í tilkynningu þess til framkvæmdaráðsins.
- 7) Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar verður skilgreint það fyrirkomulag sem verður á notkun evrópska sjúkratryggingakortsins á evrópska efnahagssvæðinu. Í þessari ákvörðun verður einkum sett fram fyrirmynd að kortum sem þar til bærar stofnanir í Noregi, á Íslandi og í Liechtenstein munu gefa út.
- 8) Í ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um samninginn um frjálsa fær fólks milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess og Ríkjasambandsins Sviss verður skilgreint það fyrirkomulag sem verður á notkun evrópska sjúkratryggingakortsins í samskiptum milli aðildarríkjanna og Sviss. Í þessari ákvörðun verður einkum sett fram fyrirmynd að þeim kortum sem þar til bærar stofnanir Ríkjasambandsins Sviss munu gefa út.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Veita má þeim aðildarríkjum, sem eru á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun, aðlögunartíma vegna innleiðingar evrópska sjúkratryggingakortsins frá 1. júní 2004.

Þar til bærar stofnanir þessara aðildarríkja skulu halda áfram að gefa út eyðublað E 111 í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í ákvörðun nr. 198 til loka aðlögunartímabilsins.

Þessi aðildarríki geta þó valið að stytta aðlögunartímabilið áður en því lýkur. Aðildarríkin skulu þá tilkynna það framkvæmdaráðinu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir innleiðingu fyrsta evrópska kortsins. Framkvæmdaráðið mun gera breytingar á viðkomandi viðaukum við þessa ákvörðun til að fram komi á hvaða degi aðlögunartímabili hlutaðeigandi aðildarríkja lýkur.

2. Frá 1. júní 2004 geta þar til bærar stofnanir í aðildarríkjum án aðlögunartíma ekki lengur gefið út eyðublað E 111 eða E 111B. Þar til bærar stofnanir aðildarríkja, sem nýta aðlögunartímabil en ákveða að stytta það í samræmi við 1. lið 3. mgr. þessarar ákvörðunar, geta ekki gefið út eyðublað E 111 eftir þann dag sem tilgreindur er í tilkynningu þeirra til framkvæmdaráðsins.

Stofnanir þessara aðildarríkja skulu gefa út bráðabirgðakort til handa hverjum þeim tryggðum einstaklingi sem ekki getur fengið evrópskt kort.

Geti þar til bærar stofnanir ekki gefið út evrópskt kort, er valfrjálst að fylla út reiti 8 og 9 á bráðabirgðaeýðublöðum. Það dregur ekki úr gildi bráðabirgðaeýðublaðanna þótt þessir reitir séu ekki útfylltir.

3. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún öðlast gildi 1. júní 2004.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Tim Quirke

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 259, 5.8.2004, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir aðildarríki sem fengið hafa aðlögunartíma

Aðildarríki	Aðlögunartímabili lýkur
Austurríki	31. desember 2005
Ítalía	31. október 2004
Holland	31. desember 2005
Portúgal	28. febrúar. 2005
Breska konungsríkið	31. desember 2005

II. VIÐAUKI

Viðmiðunarskrá yfir ný aðildarríki sem hugsanlega fá aðlögunartímabil

Nýtt aðildarríki	Aðlögunartímabili lýkur
Lettland	31. júlí 2005
Litháen	1. júlí 2005
Malta	31. desember 2005
Pólland	31. desember 2005
Slóvakía	31. desember 2005
Kýpur	31. desember 2005
Ungverjaland	31. desember 2005

III. VIÐAUKI

Bráðabirgðaskrá yfir EFTA-ríki sem hugsanlega fá aðlögunartímabili (háð ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar)

Nýtt aðildarríki	Aðlögunartímabili lýkur
Ísland	31. desember 2005
Sviss	31. desember 2005
Liechtenstein	31. desember 2005